



## FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 13. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Miðvikudag. 28.04.2010 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
- Boðuð forföll:** Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) varaformaður  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður
- Fjarverandi:** Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður
- Fundarritari:** VG

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., Erindi mótanefndar (bikarúrslit), tillögur f. Þing, formannafundur, þing og önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

#### 2. Erindi mótanefndar - bikarúrslit

Ákvörðun stjórnar var að halda saman og á samastað bikarúrslit karla og kvenna, umræður um aðrar tillögur ÞI frá því í tölvupósti. Ákveðið að nota olíuburð úr Sport seríunni frá Kegel, tilkynnt að morgni keppnisdags og tvöföld upphitun.

#### 3. Tillögur f. Þing.

ÞI var búinn að senda út tillögur þær sem borist hafa vegna breytinga á reglugerðum KLÍ – nokkrar umræður spunnust um þessar tillögur, en þær fara fyrir formannafunda á morgun.

#### 4. Formannafundur

Formannafundur verður haldinn á morgun, 29.04.2010, vitað er um mætingu frá KFR, ÍR, ÍA, og KR (?) en KDK hefur ekkert heyrt frá – dagskrá fundarins verður um tillögur þær sem liggja fyrir um reglugerðarbreytingar, ásamt öðrum undirbúningi þings.

#### 5. Þing.

Undirbúningur og annað er á réttu róli.

#### 6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið 19:15 – næsti fundur óákveðinn og verður boðaður af ÞI.